



Fundargerð 241.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 25. Júní 2019 kl. 17.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Ólafur R. Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Erindi frá Akureyrarkirkju.

Kynnt erindi frá sóknarnefnd Akureyrarkirkju dagsett 14. maí s.l. Í bréfinu er óskað eftir stuðningi við Akureyrarkirkju við að lengja opnunartíma kirkjunnar vegna komu ferðamanna í kirkjuna. Stjórn HN ákveður að veita sóknarnefnd 250.000 kr. styrk til verksins eins og síðustu ár.

2. Staða framkvæmda.

Hafnarstjóri kynnti stöðu framkvæmda.

Lenging Tangabryggju.

Lenging Tangabryggju hefur gengið vel síðustu vikur eftir erfiða byrjun. Stefnt er þó að því að gera hlé á verkinu innan nokkra daga fram á haust þannig að ekki verði um árekstra að ræða við komur skemmtiferðaskipa.

Endurgerð ÚA þekju.

Í sumarlokun á verksmiðju ÚA á Akureyri var ráðgert að gera upp hluta af þekju fyrir framan verksmiðjuna. Verkið er á framkvæmdaáætlun og verður lokið áður en verksmiðjan fer aftur af stað eftir sumarleyfi síðari hluta júlímánaðar.

Vakthús við Oddeyrarbryggju.

Búið er að steypa grunn fyrir vakthús á Oddeyrarbryggju og stefnt er að því að húsið verði flutt á grunninn um miðjan júlí.

3. Starfsmannamál.

Í ljósi mikilla aukningar á skipakomum og allri umsýslu í kringum skipin er það mat hafnarstjóra að mikilvægt sé að bæta við starfsmönnum hjá HN. Nauðsynlegt sé að horfa til heildarendurskoðunar á núverandi vinnufyrirkomulagi til að gera vinnustaðinn áfram eftirsóknarverðan og samkeppnisfæran á við aðrar hafnir sem við berum okkur saman við. Hafnarstjóra og formanni falið að koma með hugmynd af breytingum fyrir gerð nýrrar fjárhagsáætlunar í samráði við starfsmannastjóra Akureyrarbæjar.



4. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:00

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Eva Hrund Einarsdóttir

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólafur Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
